

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Eyjafirði, 13. maí 2015

Efni: Umsögn Landssambands kúabænda um frumvarp til breytinga á lögum nr. 99/1993 292. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015

Landssambandi kúabænda (LK) hefur borist beiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um umsögn við framangreint frumvarp. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið og leggja til að **frumvarpið verði ekki samþykkt**.

Í aðdraganda að gerð samnings milli ríkisins og bænda um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar, sem undirritaður var 10. maí 2004, var efnt til víðtækrar stefnumörkunar um málefni mjólkurframleiðslunnar. Að henni komu fulltrúar stjórnvalda, bænda, afurðastöðva og aðila vinnumarkaðarins. Skýrslu með stefnumótuninni, Stöðumat og stefnumótun í mjólkurframleiðslu, var skilað til ráðherra landbúnaðarmála í febrúar 2004.

Tillögur nefndarinnar voru margvíslegar og mynda þær grunninn að framangreindum samningi. Í tillögukafli um verðlagningu segir m.a.: *Aframhaldandi stöðugleiki og fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur á þeirri þróunarbraut sem mjólkurframleiðsla og –vinnsla hefur verið á undanfarin ár og verður að gæta þess að fórna ekki hagræðingarmöguleikum í skipulagi greinarinnar í vaxandi samkeppni við erlendar búvörur. Ennfremur telur nefndin brýnt að í nýjum mjólkursamningi verði mótuð skýr aðhaldsskilyrði fyrir frjálsa verðlagningu, t.a.m. í krafti hagræðingarkröfu á vinnslustöðvar og/eða í gegnum lækkun innflutningstolla og aukningu tollkvóta, en þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi sem stendur vegna ákvæða gildandi mjólkursamnings. Leggur nefndin til í því skyni að gildistími mógildandi mjólkursamnings verði nýttur til að eyða réttaróvissunni og að nýr samningur kveði á um að eftirlit verði haft með verðlagningu mjólkurafurða og afkomu afurðastöðvanna með möguleikum á inngrípum stjórnvalda til að knýja fram hagræðingu í mjólkuriðnaði og stuðla að eðlilegri verðþróun.*


Í tillögukafli sem snýr að neytendum segir m.a.: *Hagræðingaraðgerðir í mjólkuriðnaðinum hafa skilað umtalsverðum árangri sem að stærri hluta hefur farið til innleggjenda. Til að tryggja samkeppnisstöðu mjólkurvaranna er nauðsynlegt að neytendur njóti í meira mæli þessa ávinnings. Stuðla má að slíkri þróun með þeim aðhaldsskilyrðum sem fjallað er um í kafla 8.5 hér að ofan, og eðlilegt er að fulltrúar samtaka launafólks komi þar að ásamt fulltrúum ríkisins og atvinnugreinarinnar, sbr. núverandi skipan Verðlagsnefndar.*

71. grein laga nr. 99/1993 er grundvallar forsenda þeirra hagræðingaraðgerða sem kveðið var á um í skýrslunni 2004 og skilað hafa mjög miklum ávinningi fyrir neyendur og bændur. Þessi lagagrein er einnig forsenda þess að aðstaða bænda gagnvart markaði er jöfn, hvar á landinu sem þeir búa. Verði hún felld brott úr íslenskum lögum, munu forsendur fyrir mjólkurframleiðslu á dreifbýlli svæðum landsins bresta mjög fljótt.

LK væntir þess að atvinnuveganefnd taki mið af framangreindum sjónarmiðum kúabænda við þinglega meðferð frumvarpsins.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum. Þau eru jafnframt tilbúin til að funda um efnið með atvinnuveganefnd verði þess óskað.

Fyrir hönd Landssambands kúabænda,



Baldur Helgi Benjamínsson

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda